




# Skipulagslýsing

Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 -2025

Nær til lóða við Suðurgötu.

Breytt landnotkun.

08.02.2017





## **EFNISYFIRLIT**

### **1 Yfirlit**

- |                     |        |
|---------------------|--------|
| 1. Inngangur        | bls. 1 |
| 1.1 Skipulagssvæðið | bls. 1 |
| 1.2. Markmið        | bls. 1 |

### **2 Forsendur**

- |                         |        |
|-------------------------|--------|
| 2.1 Skipulagsleg staða. | bls. 1 |
|-------------------------|--------|

### **3 Skipulagsferli**

- |                                       |        |
|---------------------------------------|--------|
| 3.1 Kynning, samráð og skipulagsferli | bls. 2 |
| 3.2 Umsagnaraðilar                    | bls. 2 |



## 1. Inngangur

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar ákvað á fundi sínum dags. 01.02.2017 að fara í óverulegar breytingar á núverandi Aðalskipulagi Hafnarfjarðar í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010. Breytingarnar ná til lóða við Suðurgötu 40, bílastæðalóð (42) og 44. Breytingarnar eru gerðar til að stuðla að þéttingu byggðar sem er í takt við áherslur Aðalskipulagsins.



Umrætt svæði merkt með rauðum hring, Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 - 2025.

### 1.1 Skipulagssvæðið

Svæðið sem breytingin nær til eru lóðirnar númer 40, bílastæðalóð (42) og 44 við Suðurgötu. Svæðið er hluti af deiliskipulaginu *Suðurgata – Hamarsbraut*. Sk. Aðalskipulagi falla lóðirnar undir: *blandaða íbúðar og þjónustustofnanasvæði*.

### 1.2. Markmið

Tilgangur þessarar breytinga er að þétta byggð á svæðinu í samræmi við stefnu Aðalskipulagsins og tryggja nýtingu innviða bæjarins í framtíðinni.

## 2 Forsendur

### 2.1 Skipulagsleg staða.

Horft er til þess að þétta megi byggð á umræddum lóðum við Suðurgötu samhliða því að stuðlað sé að heildstæðu byggða- og götumynstri. Skilgreindir verða uppbyggingar möguleikar á lóðunum með endurskoðun deiliskipulagsins, Suðurgata - Hamarsbraut. Sk. Aðalskipulagi falla lóðirnar við Suðurgötu 40, bílastæði (42) og 44 undir *blandaða íbúðar- og þjónustustofnanasvæði*. Með breytingum verði ákvæðið fellt úr gildi og lóðirnar skilgreindar sem *íbúðarsvæði*. Ekki eru gerðar aðrar breytingar á Aðalskipulagi.



*Lóðin Suðurgata 40.*



*Húsið við Suðurgötu 44 ásamt bílastæðum á lóð.*

### **3. Skipulagsferli**

#### **3.1 Kynning, samráð og skipulagsferli**

Haldinn verður kynningarfundur fyrir íbúa og fyrirhugaðar breytingar kynntar. Jafnframt verður auglýst í blöðum og Lögbirtingi líkt og lög kveða á um.

#### **3.2 Umsagnaraðilar**

Skipulagsstofnun